

# Atvinnublaðið

Morgunblaðið [mbl.is](http://mbl.is) FINNA Q

[atvinna@mbl.is](mailto:atvinna@mbl.is) • Sölufultrúi • Berglind Guðrún Bergmann, [berglindb@mbl.is](mailto:berglindb@mbl.is), 569 1246



## Störf í boði hjá TR



### Verkefnastjóri og forritarar í stafrænni þróun TR

Hefur þú áhuga á að vinna í framsæknu tækniumhverfi með öflugum starfsfólki þar sem lögð er áhersla á framþróun og nýsmíði? Þá gætir þú átt heima á sviði upplýsingatækni hjá Tryggingastofnun (TR). Við leitum að verkefnastjóra og forriturum. TR vinnur að þróun nýrra hugbúnaðarlausna og eru verkefni því fjölbreytt og krefjandi, en meginviðfangsefni þeirra er frekari stafræn þróun, skýjalausnir og sjálfvirknivæðing.

#### Verkefnastjóri í stafrænni þróun

##### Helstu verkefni og ábyrgð

- Stjórn verkefna í stafrænni þróun
- Frumkvæði að nýjungum og endurbótum í upplýsingakerfum
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit
- Samskipti þvert á stofnunina, við ytri aðila og birgja
- Vinna með stjórnendum við að tryggja framgang verkefna

##### Hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði tölvunarfræði, verkfræði eða í skyldri grein sem nýtist í starfi – meistaraþróf er kostur
- Reynsla í verkefnastjórnun hugbúnaðarverkefna
- Reynsla af Agile er kostur
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Greiningarhæfni og skipulagshæfileikar
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Góð kunnátta í íslensku og ensku

#### Forritarar í upplýsingatækni

##### Helstu verkefni og ábyrgð

- Framþróun og nýsmíði upplýsingakerfa
- Frumkvæði að nýjungum og endurbótum í upplýsingakerfum
- Samskipti þvert á stofnunina, við ytri aðila og birgja

##### Hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði tölvunarfræði, verkfræði eða í skyldri grein sem nýtist í starfi
- Þekking og/eða reynsla af TypeScript, React, .NET Core, C#, REST og PL/SQL
- Reynsla af Agile er kostur
- Sjálfstæð vinnubrögð, góð samskiptahæfni, metnaður og greiningarhæfni
- Góð kunnátta í íslensku og ensku

Æskilegt er að hefja störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi.

Nánari upplýsingar má finna á [starfatorg.is](http://starfatorg.is)

Umsóknarfrestur er til og með 3. desember 2024.



Frekari upplýsingar um störfin veita:

Hermann Ólason, sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs í síma 897 4068

og Hólmfríður Erla Finnsdóttir, mannauðsstjóri í síma 660 4570



## Hjúkrunarfræðingur - dagvinna

Miðstöð meltingarlækninga, Læknastöðinni Glæsibæ, vill bæta við stöðu hjúkrunarfræðings. Starfshlutfall er 70%.

Miðstöð meltingarlækninga sinnir einstaklingum með meltingarsjúkdóma, þar eru gerðar speglanir og aðrar meltingarrannsóknir ásamt ráðgjöf.

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið [atvinna@laeknastodin.is](mailto:atvinna@laeknastodin.is) fyrir 15. desember nk.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristín Ólafsdóttir deildarstjóri á [kristin@laeknastodin.is](mailto:kristin@laeknastodin.is)

Læknastöðin · Álfheimar 74 · 104 Reykjavík  
Sími 535 6800

# Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár



[hagvangur.is](http://hagvangur.is)

HAGVANGUR

RÁÐGJÖF  
RÁÐNINGAR  
RANNSÓKNIR



intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • [intellecta.is](http://intellecta.is)



## Djúpskel ehf á Djúpavogi leitar að viðhalds- og tæknistjóra

Hefur m.a. umsjón með vélbúnaði, viðhaldi, viðgerðum, mótaskiptum o.fl.

### Helstu hæfniskröfur:

- Vélstjórnar- eða tæknimenntun.
- Reynsla af umsjón og rekstri raf- og vélbúnaðar.
- Þekking á iðnstýringum er kostur.
- Reynsla í málmsmíði er kostur.
- Almenn tölvukunnátta, reynsla af viðhaldsforritum er kostur.
- Enskukunnátta.
- Stundvísi, samvirkusemi, snyrtimennska og áreiðanleiki.
- Lyftararéttindi er kostur.

Djúpskel ehf er þriggja ára gamalt fyrirtæki á Djúpavogi sem framleiðir umbúðir undir fersk matvæli.

Á Djúpavogi er mikill uppgangur í kjölfar uppbyggingar laxeldis á Austfjörðum. Djúpvogur er fjölskylduvænt samfélag með alla helstu þjónustu s.s. leikskóla, grunnskóla, verslanir og veitingastaði og þar sem auðvelt er að njóta náttúru og menningar

Bent er á að þetta er reyklaus vinnustaður, þ.e. verksmiðjan sjálf og umráðasvæði hennar. Umsækjendum er bent á að senda inn umsóknir ásamt ferilsskrá og meðmælum á netfangið [jon@djupskel.is](mailto:jon@djupskel.is) fyrir 30. 11. 24. Nánari upplýsingar veitir Jón Þór Jónsson verksmiðjustjóri, [jon@djupskel.is](mailto:jon@djupskel.is) s. 660-1005

# Atvinna

Fáðu meira út úr þinni atvinnuauglýsingu!



Atvinnublað Morgunblaðsins kemur út tvisvar í viku. Á fimmtudögum í aldreifingu og í laugardagsblaðinu.

Þær birtast líka á atvinnuvef [mbl.is](http://mbl.is) og á [finna.is](http://finna.is). Aðeins er greitt eitt verð.

Fjórir snertifletir – eitt verð!

1

Morgunblaðið  
fimmtudaga

2

Morgunblaðið  
laugardaga

3

[mbl.is](http://mbl.is)  
atvinna

4

[finna.is](http://finna.is)  
atvinna

110.000 manns, á aldrinum 18 til 80 ára, sjá Atvinnublað Morgunblaðsins í viku hverri (fimmtudag og laugardag).\*

Mbl.is er með 2,2 milljón flettinga á dag og 15,4 milljón flettinga á viku.\*\*

\*Prentmiðlakönnun Gallup Q2 2023  
\*\*Topplisti Gallup í ágúst 2023



Morgunblaðið [mbl.is](http://mbl.is) FINNA Q



## FORSTÖÐUMAÐUR REIKNINGSHALDS Á FJÁRMÁLASVIÐI ÍSLANDSHÓTELA

Íslandshótel óskar eftir að ráða í stöðu forstöðumanns reikningshalds. Starfið felst í yfirumsjón og ábyrgð á bókhaldi og uppgjörum félagsins. Starfsmaður ber ábyrgð á frágangi á ársreikningum og árshluta-uppgjörum samstæðu Íslandshóteila. Starfið krefst mikilla samskipta við stjórnendur og starfsfólk. Forstöðumaður reikninghalds tilheyrir stjórnendateymi fjármálasviðs.

### HELSTU VERKEFNI:

- Ábyrgð á öllum þáttum bókhalds samstæðunnar auk dótturfélaga
- Þátttaka við gerð árshluta- og ársreikninga
- Gerð skattframtala félaga innan samstæðunnar
- Greiningarvinna og gerð stjórnendaupplýsinga
- Leiða og styrkja starfsmenn reikningshalds auk þess að miðla upplýsingum til starfsmanna, deilda og starfsstöðva
- Samantekt sjálfbærniupplýsinga í ársreikningi

### ÞEKING OG HÆFNI:

- Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg
- Þekking og haldgóð reynsla á Business Central
- Meistarapróf á sviði endurskoðunar og reikningsskila er kostur
- Samskiptafærni, jákvætt viðmót og sveigjanleiki
- Frumkvæði, nákvæmni og skipulögð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku og ensku skilyrði
- Mjög góð tölvukunnátta

Umsækjendur senda inn umsókn ásamt ferilsskrá og kynningarbréfi á ráðningarvef Íslandshóteila; [islandshotel.is/storf](http://islandshotel.is/storf) – merkt: Forstöðumaður reikningshalds - Íslandshótel

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hrund Hauksdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs; [hrund.hauksdottir@islandshotel.is](mailto:hrund.hauksdottir@islandshotel.is) eða í síma 510-5600.

Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað. Umsóknarfrestur er til og með 2. desember 2024.



## Raðauglýsingar

## Tilkynningar



# Auglýsing um tillögu að nýju deiliskipulagi og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.

## Hólmsheiði 2. áfangi – athafnasvæði

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 6. nóvember 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 14. nóvember 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir athafnasvæði, áfanga 2 á Hólmsheiði. Um er að ræða 50 ha svæði sem afmarkast af Suðurlandsvegi og Hólmsá í suðri og fyrirhugaðs athafnasvæðis (áfangi 1) í austri. Tillagan gerir ráð fyrir stórum og fjölbreyttum atvinnulóðum, alls sex talsins, undir ýmis konar starfsemi sem fellur að markmiðum Aðalskipulags Reykjavíkur 2040. Áhersla er lögð á að halda í og skapa græna ímynd byggðar og umhverfis á svæðinu og skulu mannvirki, byggingar og önnur manngerð inngríp á lóðum búa yfir arkitektúr sem skapar sterka tengingu við aðliggjandi náttúru. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

## Norðurstígsreitur – Ægisgata 7

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 13. nóvember 2024 og borgarráðs Reykjavíkur þann 21. nóvember 2024 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Norðurstígsreits vegna lóðarinnar nr. 7 við Ægisgötu. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að nýta húsið fyrir gististarfsemi í stað fjölbýlishúss af tegundinni hótél eða stærra gistiheimili, í flokki IV. Fallið verður frá því breyta kjallara í bílageymslu, en þar er gert ráð fyrir hótélherbergjum og stoðrymum. Fallið verður frá því að byggja inndregna hæð ofan á húsið, en heimilt verður að útbúa þakverönd sem fella skal inn í uppstólað þakið. Í stað svalagangs á bakhlíð framhúss verður heimilt að byggja dýpri viðbyggingu, svo framarlega sem hluti jarðhæðar og kjallara bakbyggingar verði rifinn. Lyftu- og stigahús skal ná upp á áður nefnda þakverönd og verður fallið frá því að byggja svalir á götuhlið byggingarinnar, m.a. til að varðveita upprunalegt yfirbragð hennar. Auk þess verða lóðirnar að Nýlendugötu 9 og Ægisgötu 7 sameinaðar í eina lóð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má nálgast á vefnum, [www.skipulagsgatt.is](#). Einnig má nálgast tillögurnar hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30–16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 frá 28. nóvember 2024 til og með 15. janúar 2025. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila í gegnum skipulagsgáttina eigi síðar en 15. janúar 2025. Ef óskað er eftir frekari upplýsingum um tillögurnar er hægt að senda tölvupóst á [skipulag@reykjavik.is](#).

Reykjavík 28. nóvember 2024  
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur



## Listmunir

### Leitum að verkum eftir

**Jóhannes Kjarval**  
**Alfreð Flóka**  
**Kristján Davíðsson**

Upplýsingar í síma 895 0665  
smidjanlisthus@simnet.is

**Smiðjan listhús, stofnað 1991**  
**Ármúla 36.**

### Félagsstarf eldri borgara

**Aflagrandi 40** Morgunspjall, heitt á könnunni kl. 9-11. Opin vinnustofa kl. 9-12:00. Ukulele, hjóðfæri á staðnum kl. 10:00. Boccia kl. 10:15. Hádegisverður kl. 11:30-12:30. Söngfuglarnir, laus pláss í allar raddir kl.13:00. Listasmiðja kl. 13:00, opinn hópur. Bókaklúbbur kl. 13:15, opinn hópur. Síðdegiskaffi kl. 14:30-15:20. Húsinu lokað kl. 15:45. Nánari upplýsingar í síma 411 2701. Öll velkomin.

**Árskógar 4** Smiðastofa með leiðbeinanda kl. 9-16. Boccia kl. 9:15 Gönguhópur kl. 10. Samvera með prestri kl. 10:30. Handavinna kl. 12:30-16. Myndlist með Elsu kl. 13. Bónusbíllinn, fer frá Árskógum 6-8 kl. 12:45. Hádegismatur kl. 11:30-12:30. Söngstund kl. 14:00-14:45. Kaffisala kl. 14:45-15:30. Líkamsræktarhorn opið. Allir velkomnir óháð búsetu og aldri. Sími 411-2600.

**Boðinn** Fimmtudagur 28. nóvember: Bridge og Kanasta kl. 13:00. Sundlaugin opin frá kl. 13:30-16:00.

**Dalbaut 18-20** Handavinnusamvera kl. 10, söngstund með Baldri kl. 14.

**Félagsmiðstöðin Hraunbær 105** 8:30 Sundleikfimi í Árbæjarlaug (inni). 9:00 Morgunkaffi og spjall. 9:30 Sundleikfimi Árbæjarlaug (úti). 9:30 Helgistund. 10:30-11:00 Létt leikfimi/stólajóga. 11:30-12:30 Hádegis-verður. 13:00 Létt ganga. 13:00 Prjónaklúbbur. 14:00-14:30 Kaffisala og meðlæti. Verið öll velkomin í Hraunbær 105.

**Félagsmiðstöðin Hæðargarði 31** Kaffisopi og spjall kl. 8:30-11:00. Gæðastund með hannyrðir kl. 8:30-12:00 Morgunleikfimi á RUV kl. 9:45-10:00. Hádegismatur kl. 11:30-12:30. Myndlistarhópur Selmu kl. 13:00-15:45. Stólaleikfimi kl. 14:00-14:30. Síðdegiskaffi kl. 14:30-15:30.

**Félagsmiðstöðin Hæðargarði 31** Föstudaginn 29. nóvember verður Hollvína Bingó kl. 13:00. Góð skemmtun fyrir alla aldurshópa. Gott með kaffinu að vanda. Öll velkomin.

**Garðabær** 7:30 Morgunvatnsleikf. í Sjál.sk. 8:30 Pool í Jónsh. 9:00-12:00 Smíði í Smiðju. 10:00 QJ-Gong í Sjál.sk. 10:00 Ganga frá Jónsh. 13.20-16.00 Kaffiveitingar. 13.30 Garðakórinn syngur inn jólni. 11.00 Stólajóga í Sjál.sk. 11.15 Boccia í Ásg. 13.00-16.00 Smíði í Smiðju. 13.00 Handavinnuh. í Jónsh.

**Gerðuberg** Fimmtudagur 28. nóvember. Opin vinnustofa í Búkollulaut frá kl. 8:30-16:00 (heitt á könnunni). Dansleikfimi með Auði Hörpu kl. 10:00 í Háholti. Línudans kl.11:00 í Háholti. Bútasamur kl. 13:00- 16:00. Öll velkomin, óháð aldri og búsetu.

**Gjábakkí** Kl. 8.30 til 11.30: Opið verkstæði. Kl. 9 til 10.15: Qigong. Kl. 11 til 12.15: Jóga (í handavinnustofu). Kl. 13 til 15.30: Bókband. Kl. 16 til 18: Félag vatnslitamálara. Kl. 19 til 21: Bridgefélag Kópavogs.

**Gullsmári** Fimmtudagur: Opin handverksstofa kl. 9:00. Qi Gong kl. 10:30. Bútasamur/Kapítólur kl. 13:00. Bridge kl. 13:00. Jóga kl. 17:00.

**Hraunsel** Fimmtudagur: Billjard: Kl. 8:00-16:00. Dansleikfimi kl. 9:00. Qi Gong: Kl. 10:00. Pílukast kl. 13:00. Alltaf heitt á könnunni í boði FEBH.

**Hvassaleiti 56-58** Morgunkaffi og spjall frá 8:30-10:30. Handavinna - opin vinnustofa 9:00-16:00. Stólaleikfimi kl. 10:30. Félagsvist kl. 13:10. Hádegismatur kl. 11:30-12:30, panta þarf fyrir hádegi deginum áður.

**Korpúlfar Borgir** Fimmtudagur: Stólajóga með Gyðu Dis kl. 9:00. Styrktar og jafnvægisleikfimi kl. 10:15 og 11:00. (Pútt á Korpúlfsstöðum kl. 10:00) Skákhópur Korpúlfa kl. 13:00, Spilið Canasta kl. 12:30. Menningarnefnd kl. 13:00. Tréútskurður á Korpúlfsstöðum kl. 13:00. Gróa Finnsdóttir les úr bók sinni kl. 13:00. Logy fatakynning kl. 14:00-16:00. Sundleikfimi í Grafarvogslaug kl. 14:00. Gleðin býr í Borgum.

**Samfélagshúsið Vitatorgi** Bókband í Smiðju kl. 9:00-12:30. Vítamín í Val - ókeypis líkamsþjálfun í Valsheimilinu að Hlíðarendi kl. 10:00-11:00. Lokaður hópur í handverksstofu kl. 10:00-12:00. Prjónahópur í handverksstofu kl. 13:00-16:00. Menningarbingó með InterAct í matsalnum kl. 13:30-14:30 Opið hús á vegum Rauða krossins kl. 16:00-18:00.

RÁÐGJÖF  
RÁÐNINGAR  
RANNSÓKNIR



intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is

## SKIPULAGSMÁL Í GARÐABÆ

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með tillögu skipulagsnefndar að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar - Arnarland að nýju sbr. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

### Breyting á aðalskipulagi Garðabæjar - Arnarland

Tillagan gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum:

- Reitur fyrir verslun og þjónustu, 3.37 Vþ, í gildandi Aðalskipulagi Garðabæjar verði breytt í miðsvæði (M).
- Tákn fyrir undirgöng undir Arnarnesveg færast austar á uppdrætti til samræmis við nýja tillögu að deiliskipulagi Arnarlands og tillögu að breytingu deiliskipulags Akra.
- Ákvæði um hæðafjölda breytast, verða nú 2-6 hæðir í stað 3-6 og hæð kennileitisbyggingar allt að 7 hæðir í stað 8.
- Lega stofnstíga breytast innan svæðis til samræmis við tillögu að deiliskipulagi Arnarlands.

Tillagan er auglýst samhliða tillögu að deiliskipulagi sama svæðis.

Tillagan er aðgengileg á vef Garðabæjar, [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is) og á vef skipulagsgáttar, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is) (mál: 1411/2024).

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi Arnarlands að nýju í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

### Arnarland – Deiliskipulag

Deiliskipulagstillagan nær til 8,9 h svæðis sem í aðalskipulagi nefnist Arnarnesháls og afmarkast af Hafnarfjarðarvegi, Fífuhvamsvegi og Arnarnesvegi.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir blandaðri byggð með 2-6 hæða fjölbýlishúsum ásamt atvinnu-, verslunar og/eða þjónustuhúsnæði næst Hafnarfjarðarvegi. Sérstök kennileitisbygging/atvinnuhúsnæði getur orðið allt að 7 hæðir.

Tvær aðkomuleiðir eru að byggðinni. Megin aðkoma að byggðinni er frá Fífuhvamsvegi en einnig er gert ráð fyrir undirgöngum undir Arnarnesveg frá Akrabraut. Tákn um undirgöng undir Arnarnesveg færast austar.

Á svæðinu er gert ráð fyrir um 450 íbúðum og u.þ.b. 37.000 m<sup>2</sup> af verslunar, skrifstofu og þjónusturýmum. Nýtingarhlutfall svæðis er um 0,95.

Heimild er fyrir leikskóla á miðsvæði deiliskipulagsins.

Kvöð er um hitaveitulögn Veitna meðfram Fífuhvamsvegi.

Tillagan er aðgengileg á vef Garðabæjar, [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is) og á vef skipulagsgáttar, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is) (mál: 1410/2024).

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með tillögu að breytingu deiliskipulags Arnarneslands - Akrar í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

### Arnarnesland – Akrar – Deiliskipulagsbreyting

Tillagan gerir ráð fyrir því að tenging Akrabrautar að undirgöngum undir Arnarnesveg yfir í Arnarland færast austar og fjær aðkomu að fjölbýlishúsinu við Hofakur.

Tillagan er aðgengileg á vef Garðabæjar, [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is) og á vef skipulagsgáttar, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is) (mál: 1388/2024).

**Íbúafundur vegna ofangreindra mála verður haldinn að Garðatorgi 7, Sveinatungu, þann 4. desember kl. 17:00.**

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með tillögu að breytingu deiliskipulags Breiðumýris - Hestamýri í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

### Breiðamýri – Hestamýri - Deiliskipulagsbreyting

Tillagan gerir ráð fyrir því að heimild byggingarmagns við Hestamýri aukist úr 10.000 m<sup>2</sup> í 10.400 m<sup>2</sup>.

Tillagan er aðgengileg á vef Garðabæjar, [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is) og á vef skipulagsgáttar, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is) (mál: 1390/2024).

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með tillögu að breytingu deiliskipulags Kauptúns í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

### Kauptún 6 - Deiliskipulagsbreyting

Tillagan gerir ráð fyrir stækkun á lóðinni Kauptúni 6 til suðurs og austurs sem nemur alls um 2.580 m<sup>2</sup>.

Tillagan gerir ráð fyrir því að heimilt verði að gera ráð fyrir bílastæðum á þeim tveimur svæðum sem bætast við lóðina.

Lóðin yrði eftir sem áður innan landnotkunarreits 5.03 Vþ fyrir verslun og þjónustu í Kauptúni í Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030.

Tillagan er aðgengileg á vef Garðabæjar, [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is) og á vef skipulagsgáttar, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is) (mál: 1391/2024).

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með tillögu að breytingu deiliskipulags austurhluta Urriðahólts 1. áfanga í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

### Undirgögn undir Flóttamannaveg - Deiliskipulagsbreyting

Tillagan gerir ráð fyrir undirgöngum við Flóttamannaveg.

Leiðbeinandi lega og útfærsla undirganga er sýnd á uppdrætti. Nánari útfærsla verður gerð við hönnun

Tillagan er aðgengileg á vef Garðabæjar, [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is) og á vef skipulagsgáttar, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is) (mál: 1392/2024).

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með tillögu skipulagsnefndar að verkefnalýsingu að breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Garðabæjar – Garðatorg – Svæði II sbr. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

### Garðatorg – Svæði II - Verkefnalýsing

Verkefnalýsing að breytingu á deiliskipulagi Miðbæjar gerir ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu á lóðinni Garðatorg 1 og nágrenni.

Verkefnalýsingin er aðgengileg á vef Garðabæjar, [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is) og á vef skipulagsgáttar, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is) (mál: 1393/2024).

Peir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta vegna ofangreindra mála er gert kostur á að senda inn rafrænar athugasemdir/ábendingar til og með 9. janúar 2025 í gegnum vef skipulagsgáttar, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is), eða á netfangið skipulag@gardabaer.is

Við  
leiðum  
fólk  
saman

# Jóla- apptilboð

Við kynnum ný og vegleg apptilboð á jóla-  
vörum á hverjum degi frá 1. til 24. desember.

sunnudagur	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur
1 <b>50%</b> Nóa konfekt	2 <b>5%</b> Appsláttur af öllu	3 <b>50%</b> Jólaskraut	4 <b>40%</b> Baylis & Harding	5 <b>50%</b> Leikföng	6 <b>50%</b> Jólagos frá Ólgerðinni	7 <b>20%</b> Allar bækur
8 <b>50%</b> Klementínur	9 <b>40%</b> Quality Street	10 <b>40%</b> Jóla- smákökur	11 <b>50%</b> Bókunar- vörur frá Nóa Sírius	12 <b>40%</b> Nautalundir	13 <b>35%</b> Hamborgar- hryggur	14 <b>40%</b> Heill kalkúnn
15 <b>40%</b> Coke og Coke án sykurs, 20x330 ml	16 <b>50%</b> Niðursuðuvörur frá Anglamark, Coop og Xtra	17 <b>40%</b> Spil	18 <b>35%</b> Hangikjöt	19 <b>40%</b> Humar frá Humarsöluinni	20 <b>40%</b> Ís frá Emmessis	21 <b>30%</b> Rjómi frá MS
22 <b>50%</b> 4x2 l Pepsi, Pepsi Max og Appelsín	23 <b>50%</b> Lay's snakk	24 <b>50%</b> Jólanammí	Með appinu færðu appslátt af öllum vörum í hvert skipti sem þú verslar. Afslátturinn birtist sem inneign í appinu. Inneignina má nýta í verslunum um allt land.			

Meðan birgðir endast.



Sæktu  
appið og  
byrjaðu að  
spara!

nettó

# Raðauglýsingar

Tilkynningar



## Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040

Nærþjónustukjarni innan íbúðarbyggðar (ÍB7) í Skerjafirði  
Niðurfelling nærþjónustukjarna að Einarsnesi 36  
Auglýsing sbr. 31. gr. skipulagslaga

Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, Niðurfelling nærþjónustukjarna að Einarsnesi 36, samkvæmt 1. mgr. 36. gr. sbr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillagan felur það í sér að áður skilgreindur nærþjónustukjarni í Skerjafirði verði felldur út af aðalskipulagi og landnotkun lóðarinnar Einarsnes 36 verði eftirleiddis íbúðarbyggð (ÍB7). Gögnin verða til kynningar í skipulagsgáttinni, samráðsvettvangi um skipulagsmál, sjá [skipulagsgatt.is](http://skipulagsgatt.is). Óskað er eftir því að athugasemdum verði komið á framfæri á þeim vettvangi fyrir 10. janúar 2025. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar ([skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is)).

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Reykjavík

# Smáauglýsingar

## Húsviðhald

**FLÍSLAGNIR - MÚRVERK  
FLOTUN - SANDSPARSL  
MÁLUN - TRÉVERK**

Ásamt öllu almennu viðhaldi  
fasteigna

Áratuga reynsla og þekking  
skilar fagmennsku og gæðum

Tímavinna eða tilboð

**Strúctor  
byggingaþjónusta ehf.  
S. 893 6994**

## Hljóðfæri

**Gítarinn ehf.**

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
[www.gitarinn.is](http://www.gitarinn.is)



**Hljómborð  
á tilboði**

Mikið úrval

Verð við allra hæfi

## Byggingavörur



**STEYPUMÓT**

717 FM af Hunnebeck steypu-  
mótum til sölu með fylgihlutum  
ca 70%. Mótin eru 3 metra há.

[jarnavirkid@gmail.com](mailto:jarnavirkid@gmail.com)

## Til sölu

**Bækur til sölu**

Heimskringla'44, Brenninjál-  
saga '45, Vívalínspostula '45,  
Safn til iðnsögu Ísland 1-16., Den  
Norsk - íslenska, Skalde-  
diktning 1-2, M.A. stúdentar  
1-6, Ferðabók Eggerts og Bjarna,  
Megas textar 1991, Eylenda 1-2,  
Sléttuhreppur, Kollsvíkurett,  
Austantóru 1-3, Strandamenn,  
Hrólfungar, Manntalið 1703,  
Ritsafn Stefáns Jónsson frá  
Höskuldsstöðum 1-4, Föðurtún,  
Íslendingaþættir Tímans 1.-8. ár,  
Æviskrár Akurmesinga 1-4,  
Ættartala Páls Eggerts  
Ólfassonar (1/50), Íslenskar  
árstíðarskrár, Prestatal og  
prófasta, Vesturfarskrá,  
Eyfirskar ættir 1-7, Flumannatal,  
Saga Hraunhverfis á Eyrabakka,  
Menn og Minjar 1-8,  
Ódádahraun 1-3, Gríma 1-25,  
Formaldarsögur norðurlanda 1-3,  
Sjósókn, Skarðsbók, Eining  
stjórnartíðindi 130 bindi gott  
band verð 350 þús.

Upplýsingar í síma 8989475.

## Ýmislegt



**SAMSKIPTI.IS**  
prentlausnir fyrir skapandi fólk



**SAMSKIPTI.IS**  
prentlausnir fyrir skapandi fólk



**SAMSKIPTI.IS**  
prentlausnir fyrir skapandi fólk



**SAMSKIPTI.IS**  
prentlausnir fyrir skapandi fólk



**SAMSKIPTI.IS**  
prentlausnir fyrir skapandi fólk



**SAMSKIPTI.IS**  
prentlausnir fyrir skapandi fólk




**SAMSKIPTI.IS**  
prentlausnir fyrir skapandi fólk



**SAMSKIPTI.IS**  
prentlausnir fyrir skapandi fólk

**Sálarrannsóknarfélag  
Reykjavíkur**



Síðumúla 31  
588 6060 og 894 4014

Félagið býður uppá miðleinkatíma fyrir félagsmenn og aðra. Ennfremur ráðgjöf um næmni og hugsanlega miðilshæfileika, söfnun dulrænna reynslusaga, ásókn o.fl. o.fl.

Hjá félaginu starfar m.a. **Þórhallur Guðmundsson miðill**. - Einnig er möguleiki á að fá einkatíma í gegnum síma hvert á land sem er, sem og erlendis.

**Svörum í síma frá kl. 13-18**  
flesta daga ársins  
SRFR.

**Aukafundur Lóðafélagsins**

**Móhelli 4, A - E,**  
verður haldinn mánudaginn  
9. desember 2024 kl 17.00 í sal  
Kæunnar, við Óseyrarbraut 2,  
Hafnarfirði.

1. Eitt mál er á dagskrá og er um  
tilboð, sem stjórn Lóðafélagsins  
hefur borist í heildarverkfni, við  
nýtt lagnakerfi fyrir yfirborðsvatn.

**Stjórn Lóðafélagsins**  
**Móhelli 4, A - E**

Íslensk framleiðsla  
fyrir íslenskt veðurfar



**Vandaðir  
krossar á leiði!**

**SAMA VERÐ OG Í FYRRA,  
ENGIN HÆKKUN!**

Fáanlegt í 12 volt, 24 volt og  
32 volt – 3 ára ábyrgð

**JS**  
**LJÓSASMÍÐJAN**  
VÉLAVERKSTÆÐI  
SLÁTTUVÉLAPJÓNUSTAN  
Skemmuvegi 34, 200 Kóp.  
Sími 554 0661  
Opíð á laugardögum  
í desember kl. 10-16

## Málarar

**MÁLARAR**

Tökum að okkur öll almenn máln-  
ingarverkfni. Við erum faglægðir  
málar með mikla reynslu. Sann-  
gjarnir í verði. Hafið samband  
í síma 782-4540 eða  
[loggildurmalari@gmail.com](mailto:loggildurmalari@gmail.com)

## Sumarhús



**Sumarhús – Heilsárshús**

**Gestahús – Breytingar**

- Framleiðum stórglæsileg sumar-  
hús/heilsárshús í ýmsum stærðum.
- Tökum að okkur stækkun og  
breytingar á eldri húsum.
- Smíðum gestahús – margar  
útfærslur.
- Sjúam um almennt viðhald á  
sumarhúsum og sólpöllum.
- Setjum niður heita potta og  
smíðum palla og skjólveggi.

Áratugareynsla –  
endilega kynnið ykkur málið.  
**Trésmíðja Heimis, Þorlákshöfn,**  
sími 892-3742 og 483-3693,  
[www.tresmidjan.is](http://www.tresmidjan.is)

## Bílar



11/2017 **Chrysler Pacifica** ekinn  
aðeins 85 þús. km. Plug in Hybrid  
svo þú keyrir á rafmagninu allt  
snattið og borgar bara 2 kr. á km.  
Svo er hann með 4x ísofix barna-  
stólafestingum sem er sko  
sjaldséd. Alger draumur fyrir  
stóra fjölskyldu.  
Okkar verð: 6.190.000,-



[www.sparibill.is](http://www.sparibill.is)  
Hátúni 6 A – sími 577 3344  
Opíð kl. 10-18 virka daga

**Gítarinn ehf.**

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
[www.gitarinn.is](http://www.gitarinn.is)



**Kassagítarar  
á tilboði**

Gítarar

í miklu úrvali

Verð við allra hæfi